



Landskjörstjórn

**Skýrsla landskjörstjórnar um
undirbúning og framkvæmd
forsetakjörs 1. júní 2024**

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Landskjörstjórn	4
Skipan landskjörstjórnar og starfsfólk	4
Kosningalög, reglugerðir og reglur	4
Kosningalög nr. 112/2021	4
Reglugerðir og reglur á grundvelli kosningalaga	5
Forsetakjör 1. júní 2024.....	6
Meðmælendakerfi	6
Skil á framboðum og úrskurðir um gildi framboða.....	6
Kjörskrá.....	7
Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.....	7
Kosningaskýrsla landskjörstjórnar.....	8
Kjörgögn og önnur aðföng	9
Fræðsla og leiðbeiningar	11
Leiðbeiningar til framkvæmdaaðila	11
Fræðsla	11
Framkvæmd á kjördag.....	12
Notkun stafrænna ökuskírteina	12
Talning og uppgjör.....	12
Gagnaöflun fyrir Hagstofu Íslands.....	12
Kostnaður við forsetakjör	12
Að loknum kosningum	13
Úrskurðað um ágreiningsatkvæði og úrslitum lýst	13
Endurmat og tækifæri til úrbóta	13
Vinnustofa með yfirkjörstjórnnum kjördæma	13
Mat á framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu	14
Þjónustukönnun.....	14
Skönnun stafrænna ökuskírteina.....	14
Greining á kostnaði sveitarfélaga, yfirkjörstjórna og sýslumanna.....	14
Stjórnsýsla – starfsumhverfi yfirkjörstjórna	14
Samstarf og fræðsla.....	14
Lög og reglugerðir	14
Lokaorð.....	15



Formáli

Forsetakjör fór fram þann 1. júní 2024. Í þessari skýrslu er fjallað um undirbúning og framkvæmd forsetakjörsins og hin ýmsu verkefni sem unnin eru í aðdraganda þess og að því loknu. Landskjörstjórn ber að skila dómsmálaráðherra skýrslu um undirbúning og framkvæmd kosninganna og verður hún lögð fyrir Alþingi. Þá hefur landskjörstjórn yfirumsjón með framkvæmd kosninga og kosningalaga en markmið laganna er að styrkja lýðræðið með öruggri framkvæmd kosninga og tryggja að þær séu beinar, frjálstar og leynilegar. Yfirkjörstjórnir kjördæma, kjörstjórnir sveitarfélaga, sveitarfélögin, sýslumannsembættin, utanríkisráðuneytið og fjölmargir sérfræðingar og þjónustuaðilar eru kallaðir til og sinna verkefnumum faglega og af trúmennsku. Landskjörstjórn þakkar öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd kosninganna fyrir þeirra framlag og fyrir gott samstarf.

F.h. landskjörstjórnar

Ástríður Jóhannesdóttir



Landskjörstjórn ásamt framkvæmdastjóra

Frá vinstri: Magnús Karel Hannesson, Ebba Schram, Kristín Edwald, Arnar Kristinsson, Hulda Katrín Stefánsdóttir og Ástríður Jóhannesdóttir.

Landskjörstjórn

Skipan landskjörstjórnar og starfsfólk

Landskjörstjórn er sjálfstæð stjórnýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd kosningalaga. Ráðherra skipar fimm menns í landskjörstjórn og jafnmarga til vara samkvæmt 12. gr. kosningalaga.

Aðalmenn eru Kristín Edwald formaður, Arnar Kristinsson og Hulda Katrín Stefánsdóttir, kosin af Alþingi og Ebba Schram og Magnús Karel Hannesson, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn eru Björn Þór Jóhannesson, Iðunn Garðarsdóttir og Ólafía Ingólfssdóttir, kosin af Alþingi, og Elín Ósk Helgadóttir og Valur Rafn Halldórsson, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Landskjörstjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði en í aðdraganda forsetakjörsins kom hún saman vikulega og oftast er þörf krafði.

Hjá landskjörstjórn eru fimm starfsmenn og er Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri landskjörstjórnar.

Kosningalög, reglugerðir og reglur

Kosningalög nr. 112/2021

Ný kosningalög tóku gildi 1. janúar 2022. Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru í maí 2022 var ljóst að gera þurfti ýmsar breytingar á kosningalögum. Nauðsynlegar breytingar voru gerðar fyrir þær kosningar. Í kjölfar kosninganna vann landskjörstjórn ásamt dómsmálaráðuneytinu að frumvarpi til breytinga á kosningalögum, lögum um starfsemi stjórn málasamtaka og sveitarstjórnarlögum. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 9. júní 2023 og varð að lögum nr. 62/2023. Helstu breytingar samkvæmt lögnum voru:

- Breyttar hæfisreglur er varða kjörstjórnarmenn, fulltrúa í landskjörstjórn og kjörstjóra.
- Þriggja vikna málshöfðunarfrestur á ákvörðunum úrskurðarnefndar kosningamála.
- Breyting á kjördegi í sveitarstjórnarkosningum, þannig að hann yrði þriðji laugardagur í maí í stað annars laugardags í maí.
- Breyting á dagsetningum þegar kosning fer fram í kjölfar tilkynningar um þingrof. Með því voru t.d. skil á framboðslistum og viðmiðunardagur kjörskrár færð nær kjördegi.



Kjósendur á kjörstað.



Fánaborg við Ráðhús Reykjavíkur.

- Heimild til þess að setja reglugerð um umboðsmenn framboða og um óleyfilegan kosningaáróður í nágrenni kjörstaða og kosningaspjöll.
- Skýrara ákvæði um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í kosningum og heimild til að setja reglugerð þar sem nánar skyldi kveða á um fjárframlög ríkisins til sveitarfélaga vegna hlutverks þeirra við framkvæmd annarra kosninga en sveitarstjórnarkosninga.

Reglugerðir og reglur á grundvelli kosningalaga

Í kosningalögunum eru ýmsar reglugerðarheimildir sem ekki voru í tíð fyrri lagabálka um kosningar. Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 voru nauðsynlegustu reglugerðir settar til að hægt væri að halda kosningar en fyrir forsetakjörið voru flestar þeirra endurskoðaðar auk þess sem nýjar voru settar.

Veturinn 2023-2024 setti dómismálaráðherra, að fengnum tillögum landskjörstjórnar, eftirtaldar reglugerðir:

- Reglugerð um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista fyrir kosningar nr. 254/2024.
- Reglugerð nr. 443/2024 um breytingu á reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu nr. 432/2022.
- Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá nr. 441/2024.
- Reglugerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum nr. 442/2024.
- Reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024.

- Reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslu vegna alvarlegs smitsjúkdóms nr. 445/2024.
- Reglugerð um framkvæmd utankjörfundar- atkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum nr. 446/2024.
- Reglugerð um talningu atkvæða nr. 447/2024.
- Reglugerð um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundar- atkvæða nr. 480/2024.
- Reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024.
- Reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

Í kosningalögum eru jafnframt heimildir fyrir landskjörstjórn til að setja reglur og fyrirmæli og voru eftirtaldar reglur settar:

- Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur nr. 1160/2023.
- Reglur um útlit og notkun sérstaks merkis á sendiumslag sem notað er við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar (strikamerki) nr. 1161/2023.
- Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023.

Enn fremur setti landskjörstjórn fyrirmæli um skilríki umboðsmanna fyrir kosningar nr. 181/2024 og samþykkti og birti fundarreglur sínar við kosningar þann 18. apríl 2024.

Forsetakjör 1. júní 2024

Þann 23. febrúar birti landskjörstjórn auglýsingu í fjölmiðlum, á kosning.is og í [Stjórnartíðindum](#) um að forsetakjör færi fram þann 1. júní 2024. Í auglýsingunni var tiltekinn hámarks- og lágmarksfjöldi meðmælenda forsetaefnis úr hverjum landsfjórðungi.

Meðmælendakerfi

Rafrænt meðmælendakerfi var tekið í notkun 1. mars sl. en það var unnið í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Stafrænt Ísland. Kerfið er ætlað til söfnunar rafrænna meðmæla með forsetaframboði þeirra sem stofna til söfnunarinnar í gegnum Ísland.is.

Til þess að stofna meðmælendasöfnun og mæla með frambjóðendum þarf rafræn skilríki. Kerfið virkaði afar vel en talsvert fleiri stofnuðu söfnun en búist hafði verið við og fréttir bárust af því að einhverjir hefðu gert það óviljandi. Alls voru um 175 safnanir stofnaðar en síðan var hætt við fjölmargar. Þegar framboðsfresti lauk voru um 80 safnanir virkar í kerfinu.

Heimilt er að skila inn meðmælum með framboði á pappír sem og í gegnum meðmælendakerfið. Þrettán einstaklingar skiluðu inn framboði og höfðu þeir allir stofnað söfnun í meðmælendakerfinu. Fimm þeirra skiluðu aðeins inn rafrænum meðmælum en hinir blöndu af rafrænum meðmælum og meðmælum á pappír.

Yfirferð landskjörstjórnar á meðmælum er mjög einföld þegar þau eru rafræn þar sem kerfið er tengt við kjörskrá. Það er því þegar ljóst hvort meðmælendur eru til þess bærir að mæla með frambjóðanda og meðmælin raðast í rétta landsfjórðunga. Aðeins er hægt að mæla með einum frambjóðanda en það er mögulegt að draga meðmæli til baka þangað til framboðsfresti lýkur.

Meðmælum sem skilað var á pappír var hlaðið inn í kerfið í gegnum Excel-skrár. Kannað var hvort viðkomandi væri á kjörskrá og hvort hann hefði mælt með öðrum frambjóðanda.

Yfirferð meðmæla af pappír er mjög tímafrek og ávallt koma upp tilvik þar sem fólk kannast ekki við að hafa skráð sig á meðmælendalista. Slík mál hafa ekki komið upp þegar rafræna meðmælendakerfið er notað þar sem viðkomandi þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum til þess að mæla með frambjóðanda.

Almenn ánægja var með meðmælendakerfið hjá notendum og landskjörstjórn. Áfram er unnið að framþróun á kerfinu og aðlögun þess að alþingis- og sveitarstjórnarkosningum.

Skil á framboðum og úrskurðir um gildi framboða

Landskjörstjórn tók á móti framboðum í Hörpu þann 26. apríl frá klukkan 10:00-12:00. Tólf framboðum var skilað í Hörpu og einu framboði var skilað í gegnum tölvupóst.

Þriðjudaginn 30. apríl úrskurðaði landskjörstjórn um framkomin framboð og voru 11 framboð úrskurðuð gild en tvö framboð voru úrskurðuð ógild. Annar frambjóðendanna kærði úrskurð landskjörstjórnar til úrskurðarnefndar kosningamála sem felldi úrskurð landskjörstjórnar úr gildi og lagði fyrir landskjörstjórn að taka mál hans til meðferðar á ný. Í kjölfar þess að frambjóðandinn skilaði að nýju inn gögnum, var framboð hans úrskurðað gilt af landskjörstjórn.

Tólf frambjóðendur voru því í kjöri til forseta Íslands.

Frambjóðendur til forseta 2024

Arnar Þór Jónsson
Ásdís Rán Gunnarsdóttir
Ástþór Magnússon Wium
Baldur Þórhallsson
Eiríkur Ingi Jóhannsson
Halla Hrund Logadóttir
Halla Tómasdóttir
Helga Þórisdóttir
Jón Gnarr
Katrín Jakobsdóttir
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
Víktor Traustason

Landskjörstjórn  kosning.is



Landskjörstjórn í Hörpu við móttöku framboða.

Kjörskrá

Kjörskrá var gefin út af Þjóðskrá Íslands þann 26. apríl en viðmiðunardagur kjörskrár var 24. apríl. Sveitarfélög skráðu kjósendur sína í kjördeildir í kjörskrárkerfi Þjóðskrár og hlóðu kjörskránni niður í gegnum sama kerfi til útprentunar fyrir kjördag.

Kjósendur gátu flett kennitölu sinni upp á vef Þjóðskrár líkt og fyrri ár til þess að kanna hvort þeir væru á kjörskrá og á hvaða kjörstað þeir ættu að kjósa.

Á kjörskrá voru **266.935** kjósendur.

Norðvesturkjördæmi	22.175
Norðausturkjördæmi	30.840
Suðurkjördæmi	41.295
Suðvesturkjördæmi	77.967
Reykjavíkurborg norður	47.662
Reykjavíkurborg suður	46.996

Ein kára barst úrskurðarnefnd kosningamála vegna synjunar Þjóðskrár Íslands um leiðréttingu á kjörskrá. Ákvörðun Þjóðskrár Íslands um að synja um leiðréttingu á skráningu á kjörskrá var staðfest.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst 3. maí og er framkvæmd hennar í höndum sýslumanna og utanríkisráðuneytisins. Landskjörstjórn átti mikil samskipti og samráð við þessa aðila í aðdraganda kosninganna og á meðan utankjörfundaratkvæðagreiðslunni stóð auk rýnifunda að loknum kosningum.

Þjóðskrá Íslands rekur á grundvelli þjónustusamnings við landskjörstjórn svokallað utankjörfundarkerfi þar sem m.a. er skráð hver kýs og hvar. Langflestir kjörstjórar hér á landi og erlendis nota utankjörfundarkerfið en kjöræðismenn erlendis hafa ekki aðgang að kerfinu. Alls voru 42.697 atkvæði skráð í utankjörfundarkerfið, 40.516 innanlands en 2.181 erlendis. Þá voru samtals 1.833 atkvæði greidd hjá kjöræðismönnum erlendis. Á kjördag greiddu 1.039 atkvæði utankjörfundar.



Fréttir bárust af nokkrum hnökrum við framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar á Spáni en ekki var nægjanlegt magn af kjörseðlum til staðar á Kanaríeyjum. Vegna þessa opnaði utanríkisráðuneytið kjörstaði á tveimur stöðum á Spáni auk þess sem fleiri kjörseðlar voru sendir þangað til viðbótar.

Meðal nýmæla í kosningalögunum er að utankjörfundaratkvæðum skal skilað til sveitarfélaga en í tíð eldri laga var þeim skilað til sýslumanna. Þessi breyting leiddi til nokkurrar óvissu og óöryggis hjá bæði kjósendum og sveitarfélögum. Landskjörstjórn sendi út leiðbeiningar og fundaði með sveitarfélögum vegna þessarar breyttu framkvæmdar en ljóst er að innleiðingin hefði mátt ganga betur.

Þá reynist ávallt nokkuð vandasamt að koma atkvæðum á réttan stað á kjördag, landshluta á milli. Það er ávallt á ábyrgð kjóсандans sjálfs þótt embætti sýslumanna, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn reyni að finna leiðir til þess að tryggja eftir bestu getu að atkvæði berist á réttan stað.

Kjörgögn og önnur aðföng

Landskjörstjórn sér um að útvega kjörgögn og ýmis aðföng fyrir kosningar, t.d. atkvæðaseðla, atkvæðakassa, innsigli, veggspjöld, blindraspjöld, síma fyrir skönnun á stafrænum ökuskírteinum auk ýmissa eyðublaða og leiðbeininga. Í aðdraganda kosninganna kom í ljós að innsigli sem fyrirhugað var að nota uppfylltu ekki ýtrustu gæðakröfur landskjörstjórnar þar sem fáein innsigli límdust ekki nægilega vel. Til þess að gæta fyllsta öryggis við framkvæmd kosninganna lét landskjörstjórn framleiða ný innsigli sem gáfu góða raun.

Dreifing kjörgagna og annarra aðfanga fer þannig fram að landskjörstjórn dreifir þeim til allra yfirkjörstjórna kjördæma sem sjá um að dreifa þeim áfram til yfirkjörstjórna sveitarfélaga í viðkomandi kjördæmi. Þetta á við um öll kjörgögn nema atkvæðakassa sem sveitarfélögin geyma milli kosninga en ef nýja atkvæðakassa vantar afhendir landskjörstjórn þá milliliðalaust.

Prentaðir voru 278.000 atkvæðaseðlar til notkunar á kjördag og 60.000 utankjörfundargögn.

Hvernig á að kjósa utan kjörfundar?

Landskjörstjórn

Hafðu skilríki tilbúin

Sendudag
Fylgibref
Kjörséðill
Kjörséðilumslag

Á kjörstað sýnur þú skilríki og færð kjörgögn afhent. Skilríki eru til dæmis vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini og stafræn ökuskírteini.



Svona greiðir þú atkvæði

- 1 Á kjörseðlinn skrifar þú eða stimplar kulti nafn þess framboðanda sem þú vilt kjósa.
- 2 Þú setur kjörseðlinn í kjörseðilumslag (minna umslag) og limir það aftur.
- 3 Fylgibréfið er fyllt út. Að því loknu skrifar þú undir það ásamt kjörstjóra.

4


Því næst seturðu fylgibréfið og umslag með kjörseðlinum í sendi- umslag og limir það aftur.

Ef þú býst erlendis skrifarðu síbata heimilisfang sem þú hafir á Íslandi.

Framan á sendi- umslaglagð skrifarðu nafn og heimilisfang þess sveitarfélags þar sem þú ert á kjörstað.

Ef þú veist ekki hver þú ert á kjörstað geturðu flett því upp á kosning.is.

Aftan á sendi- umslaglagð skrifarðu nafnið þitt og heimilisfang.



Svona kemur þú atkvæði til skila

- A Ef þú ert að kjósa utankjörfundar hjá sýslumanni í þínu umdæmi þá geturðu sett bréfið í atkvæðakassa á staðnum.
- B Ef þú ert að kjósa hjá sýslumanni utan þíns umdæmis, í sendi- ráði eða hjá ræðsmanni erlendis þarftu að koma bréfinu til skila eða biðja kjörstjóra að koma því í póst. Athugaðu að bréfið þarf að hafa borist kjörstjórnum fyrir lokan kjörstaða á kjördag.

kosning.is

Hvernig á að kjósa?

Landskjörstjórn

1 Finndu þína kjördeild

Kjósendum er ráðað í kjördeildir eftir heimilisfangi. Þegar þú finnur heimilisfangið þitt veistu í hvaða kjördeild þú ert að fara.



2 Hafðu skilríki tilbúin

Í kjördeild geturðu upp heimilisfang og sýnir skilríki. Þá færðu afhentan kjörseðil sem þú tekur með þér í kjörkleffann.



3 Settu kross við þann framboðanda sem þú kjóst

Á kjörseðlinum seturðu kross (X) í ferninginn fyrir framan nafn þess framboðanda sem þú vilt kjósa. Ekki má nota önnur tölur, skrifir á kjörseðlinn eða gera á honum aðrar breytingar. Slíkt getur valdið ógildingunni atkvæðsins.




4 Ef eitthvað fer úrskeiðis

Ef þú merkir við annan framboðanda en þú ætlar eða kjörseðlinn eyðileggst af einhverjum ástæðum skaltu afhenda starfsfólki kosninganna hann og fá nýjan.

5 Brjóttu seðilinn saman og settu hann í kjörkassann

Þú þarft að gæta þess að enginn geti sjáit hvernig þú greiddir atkvæði. Ef það gerist er kjörseðlinn öngtúr og þú mátt ekki setja hann í kjörkassann. Þú getur þá fengið nýjan kjörseðil.



kosning.is

Fræðsla og leiðbeiningar

Eitt af verkefnum landskjörstjórnar fyrir þessar kosningar var að gera leiðbeiningar aðgengilegri, bæði fyrir framkvæmdaaðila kosninganna og kjósendur. Var því lögð áhersla á að stytta og einfalda texta og auka þátt myndrænnar framsetningar.

Gerð voru veggspjöld með leiðbeiningum um hvernig ætti að kjósa bæði utankjörfundar og á kjörstað á kjördag, að fá aðstoð við að kjósa og hvernig ætti að uppfæra stafræn ökuskírteini í iPhone- og Android-símum sem er nauðsynlegt svo hægt sé að skanna þau. Veggspjöldin voru gerð á íslensku og ensku.

Þá lét landskjörstjórn uppfæra myndbönd á íslensku og ensku um hvernig ætti að kjósa utankjörfundar og á kjörstað sem og myndband um aðstoð. Myndböndin eru textuð og táknaáskilninguð og aðgengileg á kosning.is.

Leiðbeiningar til framkvæmdaaðila

Landskjörstjórn útbjó leiðbeiningahefti fyrir [umboðsmenn](#), [yfirkjörstjórnir kjördæma](#), [yfirkjörstjórnir sveitarfélaga](#) og kjörstjóra og einnig hefti um [talningu atkvæða](#). Þá útbjó landskjörstjórn sniðmát að fundarreglum fyrir yfirkjörstjórnir kjördæma.



Kjósendur ganga af kjörstað.

Með þessu steig landskjörstjórn stórt skref í átt að samræmingu og samhæfingu framkvæmdar með því að mæla með ákveðinni framkvæmd enda þótt yfirkjörstjórnir séu sem staðbundin stjórnvöld ávallt sjálfstæðar í störfum sínum.

Einnig var gefið út yfirlitshefti yfir lög og reglur fyrir framkvæmdaaðila kosninga.

Allar helstu upplýsingar um kosningarnar voru aðgengilegar á kosning.is. Einn þáttur í gagnsæi kosninga er að hafa leiðbeiningar til kjörstjórna aðgengilegar fyrir almenning til að kynna sér ef vilji er fyrir hendi.

Fræðsla

Landskjörstjórn hélt fjölda stöðu- og fræðslufunda með framkvæmdaaðilum og öðrum hagsmunaaðilum í aðdraganda kosninganna.

Alls voru haldnir sjö stöðufundir með sýslumönnum auk eins almenns fræðslufundar. Þá voru haldnir fjórir stöðufundir með utanríkisráðuneytinu og sjö stöðufundir með dómsmálaráðuneytinu. Fjórir fræðslufundir voru haldnir með yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga og tveir stöðufundir með yfirkjörstjórnnum kjördæma. Auk þess átti landskjörstjórn fund með hverri yfirkjörstjórn kjördæma í aðdraganda kosninganna.

Móttaka framboða til forseta Íslands



Í Hörpu • 10:00 – 12:00

Föstudaginn 26. apríl

Landskjörstjórn sendi einnig upplýsingapóst og ýmsar sértækar leiðbeiningar með tölvupósti til yfirkjörstjórna, sýslumanna og sveitarfélaga.

Framkvæmd á kjördag

Á kjördag starfrækti landskjörstjórn símaþjónustu og bárust alls um 95 erindi, bæði frá kjósendum og kjörstjórnnum.

Ekki hafa borist upplýsingar um annað en að atkvæðagreiðsla á kjördag hafi gengið vel og eðlilega fyrir sig. Engar ábendingar bárust um óleyfilegan kosningaráróður og landskjörstjórn er ekki kunnugt um að neitt meiri háttar atvik hafi komið upp sem gæti dregið úr trausti á framkvæmd kosninganna.

Að mati landskjörstjórnar gekk skönnunin vel fyrir sig, en nokkur vandamál komu upp við að uppfæra skírteinin sem t.d. má rekja til ótrausts netsambands á kjörstöðum. Það getur tekið nokkra stund að skanna ökuskirteini hjá hverjum kjósenda sem getur valdið töfum í kjördeild.

Talning og uppgjör

Yfirkjörstjórnir kjördæma sjá um talningu atkvæða og uppgjör þeirra hver í sínu kjördæmi. Niðurstöður talningar bárust landskjörstjórn að morgni sunnudagsins 2. júní. Landskjörstjórn kom saman síðar þann dag, yfirfór talningarskýrslurnar og [sendi í kjölfarið út fréttatilkynningu](#) þar sem greint var frá niðurstöðu talningarinnar í samræmi við 107. gr. kosningalaga.

Gagnaöflun fyrir Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands kallar eftir upplýsingum úr hverri kjördeild þannig að hægt sé að vinna tölfræðiupplýsingar um kosningaþátttöku án þess að upplýsingarnar séu persónugreinanlegar. Þá aflar stofnunin einnig upplýsinga um hve margir kjósa í hverri kjördeild og fjölda þeirra sem fá aðstoð við að kjósa. Yfirkjörstjórnir kjördæma, yfirkjörstjórnir sveitarfélaga og undirkjörstjórnir koma allar að því að taka þessar upplýsingar saman sem útheimtir þó nokkra vinnu. Hagstofan fær einnig sambærilegar upplýsingar úr utankjörfundarkerfinu sem kjörstjórar nota við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Þegar rafræn kjörskrá verður tekin í notkun mun draga úr þessari vinnu hjá framkvæmdaáðilum þar sem þá verður unnt að fá þessar upplýsingar beint úr kjörskránni í stað þeirra handvirkur merkinga sem nú er nauðsynlegt að gera.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni mun skýrsla hennar um kosningarnar líta dagsins ljós á haustmánuðum.

Kostnaður við forsetakjör

Kostnaður við kosningar er greiddur af fjárlagalið kosninga sem landskjörstjórn hefur umsjón með en fyrir gildistöku kosningalaga nr. 112/2021 fór dómismálaráðuneytið með fjármál vegna kosninga. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2024 var kosningaliðurinn áætlaður um 455 milljónir króna. Fyrirséð er að sú fjárhæð dugar ekki til að standa straum af framkvæmd kosninganna með hliðsjón af almennum verðhækkunum og breyttu hlutverki þeirra sem koma að undirbúningi og framkvæmd kosninga.

Eftir kosningar falla til ýmis verkefni sem varða fjármál og uppgjör kosninganna.

Svona uppfærir þú stafrænt ökuskirteini

Landskjörstjórn

Apple

- 1 Opnaðu Wallet-appið og veldu ökuskirteinið.
- 2 Smelltu á hægra megin fyrir ofan skírteinið og veldu Pass Details.
- 3 Strjúktu niður skjáinn til að uppfæra skírteinið. Þá á tímasetningin að birtast neðst á skírteininu.

Android

- 1 Opnaðu Smart-Wallet appið og veldu ökuskirteinið.
- 2 Smelltu á neðst í vinstri horninu til þess að uppfæra tímasetninguna.

kosning.is

Notkun stafrænna ökuskirteina

Þetta voru þriðju kosningarnar í röð þar sem farsímar voru notaðir til þess að skanna stafræn ökuskirteini til að staðreyna gildi þeirra. Landskjörstjórn lagði til 355 síma til sýslumanna og kjörstjórna til að framkvæma skönnunina. Við skönnunina eru upplýsingar sóttar í gagnagrunn ríkislögreglustjóra og sannreynt að viðkomandi hafi ökuréttindi. Þessi aðferð er tíðkuð þar sem tæknilega er mögulegt að falska stafrænu ökuskirteinin.

Kosningaskýrsla landskjörstjórnar

Samtals talin atkvæði	215.635	
Auðir seðlar	803	
Ógildir seðlar (en ekki auðir)	514	
Samtals gild atkvæði	214.318	
	Skipting atkvæða	Hlutfall af greiddum atkvæðum
Gild atkvæði:	214.318	
Arnar Þór Jónsson	10.881	5,05%
Ásdís Rán Gunnarsdóttir	394	0,18%
Ástþór Magnússon Wium	465	0,22%
Baldur Þórhallsson	18.030	8,36%
Eiríkur Ingi Jóhannsson	101	0,05%
Halla Hrund Logadóttir	33.601	15,58%
Halla Tómasdóttir	73.182	33,94%
Helga Þórisdótti	275	0,13%
Jón Gnarr	21.634	10,03%
Katrín Jakobsdóttir	53.980	25,03%
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir	1.383	0,64%
Viktor Traustason	392	0,18%
Auðir seðlar og ógildir seðlar	1.317	0,61%
Samtals	215.635	
Fjöldi kjósenda á kjörskrá	266.935	
Kjörsókn	80,80%	



Komið með kjörgögn á kjörstað.

Landskjörstjórn mun láta gera greiningu á kostnaði við undirbúning og framkvæmd kosninganna. Annars vegar hjá yfirkjörstjórnnum kjördæma og hins vegar hjá sýslumannsembættunum í þeim tilgangi að bæta áætlanagerð, auka samræmingu og efla kostnaðarvitund við meðferð opinberra fjármuna.

Þá mun landskjörstjórn, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 442/2024 um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, gera greiningu á raunkostnaði sveitarfélaganna við framkvæmd kosninganna. Í kjölfarið mun landskjörstjórn að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja fram tillögur um fjárframlög ríkisins til sveitarfélaga vegna hlutverks þeirra við framkvæmd annarra kosninga en sveitarstjórnarkosninga.

Að loknum kosningum

Að kjördegi loknum falla til fjölmörg verkefni sem einkum felast í frágangi, fjárhagslegu uppgjöri og endurmati sem er nauðsynlegt til þess að tryggja framþróun og umbætur við framkvæmd kosninga.

Úrskurðað um ágreiningsatkvæði og úrslitum lýst

Eftir að landskjörstjórn hafði fengið í hendur talningarskýrslur og ágreiningsseðla frá yfirkjörstjórnnum kjördæmanna sex vegna forsetakjörsins 1. júní kom hún saman á fundi og fór yfir gögnin.

Þann 25. júní hélt landskjörstjórn fund þar sem þar sem hún kvað upp úrskurði sína um gildi ágreiningsseðla við forsetakjörið. Í kjölfarið staðfesti hún kosningaskýrslu

um niðurstöðu forsetakjörsins og undirritaði staðfestingu á úrslitunum þar sem Halla Tómasdóttir var lýst rétt kjörin forseti Íslands, kjörtímabilið frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2028. Að því búnu voru kosningaúrslitin auglýst og kosningaskýrslan birt á vef landskjörstjórnar.

Endurmat og tækifæri til úrbóta

Vinnustofa með yfirkjörstjórnnum kjördæma

Eftir kosningarnar hélt landskjörstjórn vinnustofu með yfirkjörstjórnnum kjördæma þar sem fjallað var um undirbúning og framkvæmd kosninganna.

Vinnustofan var ágætlega sótt en þetta er í fyrsta sinn sem slík vinnustofa er haldin. Annars vegar var sjónum beint að því hvað gekk vel og stuðlaði að góðum árangri og hins vegar hvað gekk síður vel og mætti bæta. Viðfangsefnið var nálgast úr þremur áttum: umsjón með kosningum, talningu og stjórnýslu og samskiptum.

Í kjölfarið áttu sér stað líflegar umræður og að lokum komu þátttakendur fram með hugmyndir að umbótum.

Afrakstur vinnustofunnar var sendur yfirkjörstjórnnum til upplýsinga. Landskjörstjórn mun vinna með þær ábendingar sem fram komu á vinnustofunni og lúta að því að bæta verklag og breyta laga- og reglugerðarumhverfi. Á vinnustofunni kom jafnframt fram hversu mikilvægt það væri fyrir fulltrúa yfirkjörstjórna að koma saman og hittast á sameiginlegum vettvangi. Þannig stofnast til nýrra kynna og tengsl og skilningur og umræða um sameiginlega hagsmunum verður markvissari.

Mat á framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu

Stofnaður hefur verið vinnuhópur sem skipaður er tveimur fulltrúum landskjörstjórnar og tveimur fulltrúum frá sýslumönnum til að kortleggja framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar og hvernig hægt sé að betrubæta hana. Unnið er að gerð skýrslu þar sem settar verða fram tillögur að úrbótum.

Þjónustukönnun

Fljótlega eftir kjördag sendi landskjörstjórn yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga þjónustukönnun til þess að kanna upplifun þeirra af þjónustu landskjörstjórnar og af framkvæmd kosninganna. Könnunin var send til allra aðalmanna í yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga eða til um 190 einstaklinga. Svarhlutfall var 46% en alls bárust 88 svör.

Í könnuninni var m.a. notast við almennar spurningar úr þjónustukönnun sem stofnanir ríkisins senda til þeirra sem þær þjónusta auk sértækra spurninga um nýafstaðnar kosningar. Auk þess var gefinn kostur á að senda eigin athugasemdir.

Niðurstöðurnar voru jákvæðar. Langflestir svöruðu því til að viðmót, samskipti og þjónusta landskjörstjórnar væri mjög góð eða frekar góð og upplýsingarnar sem landskjörstjórn veitti væru áreiðanlegar. Hér má nálgast [heildarniðurstöður könnunarinnar](#).

Skönnun stafrænna ökuskírteina

Stafræn ökuskírteini eru skönnuð á kjörstöðum til að sannreyna gildi þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Stafrænu Íslandi voru ökuskírteini um 12% kjósenda skönnuð.

Það er afar kostnaðarsamt að eiga og viðhalda farsímum sem notaðir eru til skönnunar og mikil vinna og kostnaður fer í undirbúning og framkvæmd skönnunar stafrænna ökuskírteina. Landskjörstjórn mun yfirfara verklag og framkvæmdina fyrir næstu kosningar.

Greining á kostnaði sveitarfélaga, yfirkjörstjórnna og sýslumanna

Eins og áður sagði verður gerð greining á kostnaði sveitarfélaga, sýslumannsembættta og yfirkjörstjórnna kjördæma við framkvæmd kosninganna. Þegar niðurstaða greiningarinnar liggur fyrir verður mögulegt að setja fram raunhæfar kostnaðaráætlanir og vinna að umbótum á jafnræðisgrundvelli sem geta skilað sér í meiri skilvirkni og hagkvæmni.

Stjórnsýsla – starfsumhverfi yfirkjörstjórnna

Vinnustofa sem landskjörstjórn hélt með yfirkjörstjórnnum kjördæma í júní sl. mæltist vel fyrir. Góð tengsl mynduðust og umræða sem skapaðist á meðal gesta styrkir samhæfingu og samræmingu vinnubragða. Helstu niðurstöður benda til þess að fjölmörg tækifæri séu til þess að efla samstarf, samræma framkvæmd og auka fræðslu. Landskjörstjórn hefur þegar hafist handa við að setja tillögur þar að lútandi á verkefnaáætlun.

Nokkuð var rætt um ríkjandi aðstöðumun og mismikið vinnuálag yfirkjörstjórnna, einkum þegar kemur að kostnaði, vörslu kjörgagna, aðgangs að starfsfólki og endurgjaldi. Þóknarir yfirkjörstjórnna á landsbyggðinni þykja t.d. of lágar miðað við vinnuframlag og kallað var eftir því að launataxtar starfsfólks yfirkjörstjórnna yrðu samræmdir og tækju mið af mismunandi verkefnum. Þá var einnig rætt um opnunartíma kjörstaða og hvort heppilegra væri að loka þeim fyrr þar sem kjörsókn á kvöldin væri almennt lítil og talning gæti þá hafist fyrr. Einnig skapaðist umræða um kosti þess að aðeins væri heimilt að kjósa einu sinni og hvort ljúka ætti utankjörfundaratkvæðagreiðslu daginn fyrir kjördag. Mikill samhljómur var meðal fulltrúa yfirkjörstjórnna um að þessi atriði myndu einfalda og gera alla framkvæmdina skilvirkari.

Samstarf og fræðsla

Landskjörstjórn mun áfram leggja mikla áherslu á virkt fræðslu- og leiðbeiningarstarf og efla og þjálfva framkvæmdaaðila kosninga og starfsfólk þeirra. Þá mun landskjörstjórn vinna að stöðugum umbótum við fræðslu og upplýsingamiðlun.

Lög og reglugerðir

Fyrir liggur að gera þarf nokkrar lagfæringar á kosningalögnum og hafa landskjörstjórn og dómsmálaráðuneytið hafið samtál þar að lútandi. Í kjölfarið mun landskjörstjórn leggja fram tillögur sínar til endurskoðunar á reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli kosningalaga.



Halla Tómasdóttir og eiginmaður hennar Björn Skúlason á svölum Alþingis við embættistöku forseta Íslands.

Lokaorð

Við framkvæmd hverra kosninga koma í ljós ýmis tækifæri til úrbóta við undirbúning, framkvæmd og frágang. Sumt er smávægilegt en annað skiptir meira máli. Landskjörstjórn er umhugað um að vinna að stöðugum umbótum í þeim tilgangi að bæta þjónustu og upplifun kjósenda og starfsfólks við kosningar.

Auk vinnustofu með yfirkjörstjórnnum kjördæma og þjónustukönnun hjá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga voru haldnir uppgjörsfundir með sýslumönnum, utanríkisráðuneytinu, Þjóðskrá Íslands og Hagstofu Íslands. Með því móti er mikilvægra upplýsinga aflað um það sem gekk vel við framkvæmdina og það sem gekk síður vel. Þannig skapast tækifæri til að vinna að umbótum og framþróun kosningamála.

Að undirbúningi og framkvæmd kosninga vinna mörg hundruð manns og er virk og gagnleg upplýsingamiðlun því einn mikilvægasti þátturinn í hlutverki landskjörstjórnar. Lykilatriði er að vinnubrögð séu samræmd og samhæfð til þess að jafnræðis sé gætt og að sameiginlegur skilningur ríki meðal allra þeirra sem að framkvæmdinni koma.

Að mati landskjörstjórnar gekk allur undirbúningur og framkvæmd forsetakjörsins afar vel. Kosningabátttaka var mikil og engin atvik komu upp sem vörpuðu skugga á ferlið sem lauk með innsetningu Höllu Tómasdóttur í embætti forseta þann 1. ágúst sl.

Skýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. mgr. 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Útgefandi:

Landskjörstjórn.

Hönnun og umbrot:

Birgir Þorsteinn Jóakimsson.

Ljósmyndir:

Ástríður Jóhannesdóttir, Eggert Jóhannesson, RAX / Ragnar Axelsson, Sunna Ben og þetta stúdíó.

ISBN 978-9935-9666-6-7



Landskjörstjórn

ISBN 978-9935-9666-6-7